

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/585****2020/EES/50/26****frá 18. desember 2014****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu á áhættutímabili tryggingarfjár (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. Júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum fjórðu undirgrein 5. mgr. 304. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rammi fyrir útreikning á áhættutímabili tryggingarfjár, sem notaður er við útreikning stöðustofnunaraðila á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum, ætti bæði að henta fyrir stofnanir sem nota eiginlíkansaðferð og þær sem nota staðlaðar aðferðir. Hann ætti einnig að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum til að mynda varfærna og trausta nálgun, án þess á sama tíma að leggja óhóflegt rekstrarlegt álag á þessar stofnanir.
- 2) Þó að skilgreining á innlausnartímabilum sem miðlægir mótaðilar nota samsvari ekki skilgreiningunni á áhættutímabili tryggingarfjár sem stöðustofnunaraðilar nota í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns hvað varðar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum þeirra, eru þær engu að síður mjög líkar að innihaldi. Innlausnartímabil endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og taka tillit til uppgjörstímabila fyrir samninga og viðskipti. Mat miðlægra mótaðila á innlausnartímabilum ætti því að nota sem nálgun fyrir áhættutímabil tryggingarfjár hvað varðar útreikning á kröfum þeirra vegna eiginfjárgrunns stöðustofnunaraðila gagnvart viðskiptavinum þeirra.
- 3) Beiting innlausnartímabila myndi einnig tryggja alhliða vernd allra afurða og viðskipta sem sett eru fram í 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og miðlægir mótaðilar hafa stöðustofnað, og hefði þann aukna ávinning að þessa framseldu reglugerð þyrfti ekki að uppfæra í hvert skipti sem miðlægur mótaðili myndi byrja að stöðustofna nýja afurð eða viðskipti.
- 4) Öndvert við áhættutímabil tryggingarfjár taka innlausnartímabil, sem miðlægir mótaðilar birta upplýsingar um, stundum til viðbótartímabila til að gera skuldskeytingu staðna mögulega til stöðustofnunaraðila sem er ekki í van-skilum. Þar sem þessi viðbótartímabil taka sérstaklega til innlausnartímabila og endurspeglar ekki neinn mun á áhættu sem stöðustofnunaraðilar stofna til þarf ekki að bæta þeim við áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir kunna að nota til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns hvað varðar áhættuskuldbindingu þeirra gagnvart viðskiptavinum þegar þær koma fram sem stöðustofnunaraðilar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 98, 15.4.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

- 5) Til að tryggja að slíkt mat sé með fyrirvara um samþykki eftirlitsyfirvalda ætti aðeins að leyfa að innlausnartímabilin, sem fullgildur, miðlægur mótaðili metur eins og skilgreint er í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þjóni sem nálgun fyrir áhættutímabil tryggingarfjár hvað varðar útreikning á kröfum þeirra vegna eiginfjárgrunns stöðustofnunaradila gagnvart viðskiptavinum þeirra.
- 6) Þar sem áhættutímabil tryggingarfjár miðar að því að greina breytingar á markaðsvirði skuldajöfnunarsafns viðskipta á tímabilinu frá síðustu skiptum á tryggingu, sem ver skuldajöfnunarsafn viðskipta við mótaðila í vanskilum, þangað til viðskipti eru gerð upp og markaðsáhættan sem af því hlýst er enduráhættuvarin, og þar sem markaðir kunna að vera lokaðir á tilteknum almanaksdögum ætti að gefa áhættutímabil tryggingarfjár upp í viðskiptadögum. Þetta tryggir að krafa vegna eiginfjárgrunns fyrir þessi viðskipti endurspeglar fyllilega áhættuna sem stofnunin verður fyrir á áhættutímabili tryggingarfjár. Því er rétt að kveða á um að lágmark áhættutímabils tryggingarfjár, sem nota á að því er varðar 3. mgr. 304. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samsvari fimm viðskiptadögum, þ.e. sé lengri en fimm daga lágmarkið sem kveðið er á um í þeirri grein. Lágmark áhættutímabils tryggingarfjár félli því einnig að ákvæðunum sem sett eru fram í 6. þætti 6. kafla II. bóls 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og taka til krafna um beitingu eiginlíkansaðferðar.
- 7) Í samræmi við 3. og 4. mgr. 304. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru styttri áhættutímabil tryggingarfjár, sem stofnanir geta beitt við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns hvað varðar áhættuskuldbindingu gagnvart viðskiptavinum, aðeins viðeigandi ef stofnanirnar koma fram sem stöðustofnunaradilar. Því gilda ekki reglur um áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir geta beitt samkvæmt þessum ákvæðum ef stofnanir reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns sem áhættuskuldbindingu gagnvart viðskiptavinum en eru ekki stöðustofnunaradilar hvað þessar áhættuskuldbindingar varðar. Þetta er án tillits til þess hvort þessar stofnanir beiti eiginlíkansaðferð eða ekki, og án tillits til þess hvort viðeigandi áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum séu stöðustofnaðar miðlægt eða ekki.
- 8) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina.
- 9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Áhættutímabil tryggingarfjár skuldajöfnunarsafns sem stofnanir geta beitt að því er varðar 3. og 4. mgr. 304. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu ákveðin í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar.
2. Ef viðeigandi skuldajöfnunarsafn tekur til viðskipta sem greiðslujöfnuð eru hjá fullgildum, miðlægum mótaðila, eins og skilgreint er í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir geta notað vera hin lengri af eftirfarandi:
 - a) fimm viðskiptadagar,
 - b) lengsta innlausnartímabil samninga eða viðskipta sem skuldajöfnunarsafnið tekur til, eins og tilgreint er í samræmi við vi. lið b-liðar 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 ⁽²⁾ af fullgildum, miðlægum mótaðila sem þessir samningar eða viðskipti eru stöðustofnuð hjá.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, ef tilgreint innlausnartímabil tekur til viðbótartímabils að því er varðar skuldskeytingu staðna fyrir stöðustofnunaradila sem ekki er í vanskilum, skal tímabilið sem stofnanir eiga að nota sem áhættutímabil tryggingarfjár undanskilja það viðbótartímabil.

3. Ef viðeigandi skuldajöfnunarsafn tekur til viðskipta sem eru ekki greiðslujöfnuð hjá fullgildum, miðlægum mótaðila eins og skilgreint er í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir nota vera a.m.k. tíu viðskiptadagar.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stj.íð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila (Stj.íð ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
